


ILLUGASTAÐAVEGUR (833) Slitlagsendi-Illugastaðir

Kynning framkvæmda

Sóley Jónasdóttir



Áætlanir og hönnunarkaup Akureyri



Maí 2008

1. YFIRLIT

Vegagerðin fyrirhugar að endurbyggja um 9,4 km langan vegarkafli Illugastaðavegar (833), sem hefst við slitlagsenda sunnan vegamóta Vaglaskógarvegar (836) og endar skammt sunnan Illugastaðakirkjuvegar (8632) í Fnjóskadal. Endurbæturnar miða að því að styrkja núverandi veg og leggja á hann bundið slitlag.

Fyrirhugað framkvæmdasvæði er í sveitarfélaginu Þingeyjarsveit í Suður-Þingeyjarsýslu og liggur um lönd jarðanna Veturliðastaða/Grænuhlíðar, Steinkirkju, Brúnagerðis, Fjósatungu, Kotungsstaða (4 sumarhús) og Illugastaða (Mynd 1) (Teikning 1).



Mynd 1. Horft suður Fnjóskadal frá nyrðri útboðsenda (SJ).

Framkvæmdin telst ekki matsskyld samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Framkvæmdin er í samræmi við markmið samgönguáætlunar um að auka umferðaröryggi og tryggja greiðari samgöngur á svæðinu.

Fjárveiting fyrir framkvæmdinni, 70 mkr., er á vegáætlun fyrir árið 2009. Henni hefur verið flýtt til ársins 2008. Áætlað er að framkvæmdir hefjist sumarið/haustið 2008 og þeim verði að fullu lokið 1. júlí 2009.

Vegagerðin telur að framkvæmdin hafi fremur lítil umhverfisáhrif nema hvað varðar bætt umferðaröryggi vegfarenda.

2. NÚVERANDI VEGUR

Illugastaðavegur liggur í vestanverðum Fnjóskadal og er í heild 15,3 km langur. Hann liggur til suðurs út frá Hringvegi við Fnjóskárbrú, skammt norðan við Nes, og endar við Illugastaðakirkjuveg (8632) við Illugastaði. Vegurinn er með bundnu slitlagi frá Hringvegi að nyrðri útboðsenda, en þaðan og að Illugastöðum er vegurinn fremur burðarlítill malarvegur (Mynd 2).

Núverandi vegur er tengivegur. Vegsvæði hans er 30 m breitt og nær 15 m frá miðlinu núverandi vegar.

Vegurinn er í vegtegund C2. Hann er á köflum lítið uppbyggður og uppfyllir ekki þær kröfur sem gerður eru til vegar af þeirri vegtegund.



Mynd 2. Núverandi vegur sunnan Brúnagerðis (SJ).

Vegarkafllinn sem nú stendur til að endurbyggja liggur að mestu um flatlendi, utan fyrstu 2-3 km þar sem land er mishæðótt og undirlendi lítið milli ár og fjalls. Á öllum útboðskaflanum er gróið land beggja vegna vegar, víða ræktuð tún innan girðinga en annars víðivaxið mólendi og melar.

Gengt útboðskaflanum, austan Fnjóskar, eru stór samfelld skógræktarsvæði. Nyrst er Vaglaskógur, þá Lundsskógur og syðst Þórðarstaðaskógur.

Hæðarlega núverandi vegar er nokkuð góð, utan blindhæða við slitlagsenda norðan Veturliðastaða (Mynd 3) og neðan Grænuhlíðar (Mynd 4).



Mynd 3. Blindhæð skammt norðan slitlagsendi við Veturliðastaði (SJ).



Mynd 4. Hæðin neðan Grænuhlíðar (SJ).

Vegurinn er malarvegur og er nokkur rykmengun í nágrenni hans.

Engar brýr eru á kaflanum en nokkur ræsi. Vegtengingar eru út frá núverandi vegi að bæjum á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Þá eru víða tengingar inn á tún, vegslóða og veiðistaði.

Einstaka frístundahús er á jörðunum meðfram framkvæmdasvæðinu auk frístundahúsabyggða í Lundsskógi og Þórðarstaðaskógi. Þá er á Illugastöðum orlofshúsahverfi með um 30-40 orlofshúsum. Þar er einnig þjónustumiðstöð með verslun og sundlaug og aðstaða fyrir ýmiss konar félagsstarfsemi og samkomuhald.

Í tengslum við frístundahúsahverfin í nágrenninu hefur umferð á svæðinu aukist.

Meðalumferð á veginum árið 2006 var 58 bílar/dag og á sumardeggi 90 bílar/dag. Framreiknuð meðalumferð árið 2026, 20 árum seinna, er 94 bílar/dag. Framreiknuð meðalumferð á sumardeggi er 146 bílar/dag.

3. ENDURBYGGÐUR VEGUR

Endurbyggður vegur er 9,4 km langur og liggur frá stöð 5.800 við slitlagsenda sunnan vegamóta Vaglaskógarvegur, að stöð 15.240 skammt sunnan Illugastaðakirkjuvegur.

Endurbyggður vegur verður í sömu vegtegund og núverandi vegur þ.e. í vegtegund C2 sem er 6,5 m breiður vegur með 6,3 m bundu slitlagi. Hann verður um 0,5 m breiðari en núverandi vegur og um 0,5 m hærri, eða því sem nemur þykkt nýrra burðarlaga. Halli vegfláa verður 1.2,5 - 1:3. Hönnunarhraði er 80-90 km/klst.

Endurbyggður vegur verður að mestu lagður á fyllingu og mun fylgja núverandi vegi allsstaðar nema á hæð við Grænuhlíð, við stöð 7.500. Þar mun veglínan færast um 7 m framur í hæðina og um 6-7 m djúp skering verða gerð. Þá verða skeringar í hæð sunnan Veturliðastaða og þar sem veglínan liggur fram af hárrí melbrún og sjónlengd er skert.

Aðrar skeringar eru á stöku stað meðfram veginum, um er að ræða grunnar hliðarskeringar í kanta og/eða vegrásir núverandi vegar.

Hæðarlega vegtenginga að Veturliðastöðum, Grænuhlíð, Steinkirkju, Brúnagerði, Fjósatungu, Kotungstöðum og Illugastöðum verða aðlagaðar hæðarlegu endurbyggðs vegar. Tengingar inn á tún og aðrar tengingar sömuleiðis.

Ræsi verða staðsett þar sem búast má við rennandi vatni, bæði þar sem er sírennsli og þar sem myndast geta vatnsfarvegir í leysingum að vori og þegar úkoma er mikil. Núverandi ræsum verður skipt út og ný sett í þeirra stað.

Þá verður grjótvörn/bakkavörn sett í vinstri kant vegarins á tveimur stuttum köflum, þar sem hann liggur næst ánni við fyrirhugað efnistökusvæði við Fnjóská.

Ekki er gert ráð fyrir reiðvegi meðfram veginum.

4. EFNISÞÖRF

Áætluð efnisþörf í verkið er um 70.700 m³. Efni í fyllingar, fláafleyga og hluta neðra burðarlags, samtals um 38.500 m³, er fyrirhugað að taka úr skeringum á vegsvæði. Annað efni þ.e. hluta neðra burðarlags, efra burðarlag og steinefni í klæðingar, samtals 32.000 m³, er fyrirhugað að taka úr garði á áreyrum Fnjóskár í landi Brúnagerðis, Fjósatungu og Þórðarstaða (Mynd 5).



Mynd 5. Fyrirhugaður efnistökuastaður, horft til suðurs yfir áreyrar Fnjóskár (SJ).

Umræddum garði var ýtt upp fyrir um 20 árum til að verjast landbroti og til varnar núverandi vegi. Nú er áin hinsvegar komin vestur fyrir þennan garð, og rennur í tveimur kvíslum, beggja vegna hans og er á nýjan leik farin að sækja að veginum.

Verktilöggun efnistöku verður með þeim hætti að slóði verður byggður út á áreyrarnar og vatni að mestu veitt í austurkvísl. Til varnar lífríkinu og til að rennsli haldist að einhverju leyti í vinstri kvíslinni verður ræsi komið fyrir í slóðanum. Rennsli mun verða um báðar kvíslarnar að efnistöku lokinni.

Ekkert efni verðu tekið úr farvegi árinna einungis úr garðinum og eyrinni. Gert er ráð fyrir að efnið verði haugað á bakkanum. Fyrirhugað er að efnistöku úr Fnjóská verði lokið áður en veiðitími hefst þann 20. júní. Samþykki landeigenda liggur fyrir, samráð hefur verið haft við

Veiðifélag Fnjóskár (Stangveiðifélagið Flúðir) auk þess sem umsögn sérfræðings í líffræði laxfiska um áhrif efnistöku á lífríki Fnjóskár liggur fyrir. Þá hefur veiðimálastjóri veitt framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku.

Búast má við að umferð um svæðið tefjist eitthvað á meðan framkvæmdum stendur vegna efnisflutninga eftir núverandi vegi.

5. HUGSANLEG UMHVERFISÁHRIF

Vegagerðin lagði mat á hvort líklegt væri að endurbætur á Illugastaðavegi myndi hafa veruleg áhrif á umhverfið. Þar sem um er að ræða umfangslitla framkvæmd og efnistaka er ekki mikil telur Vegagerðin að áhrif framkvæmdarinnar á umhverfið verði óveruleg. Hér á eftir eru taldir upp helstu umhverfisþættir sem framkvæmdaraðili telur líklegast að orðið geti fyrir áhrifum af framkvæmd og starfsemi.

Áhrif á mannlíf

Vegfarendur um Illugastaðaveg munu verða varir við framkvæmdina vegna hávaða, ryks og truflunar á umferð. Að loknum framkvæmdum munu koma fram jákvæð áhrif á mannlíf vegna öruggari og betri samgangna.

Áhrif á samgöngur, umferðaröryggi og mengun

Á framkvæmdartíma mun umferð um svæðið raskast vegna umferðar þungra vinnuvéla. Íbúðarhús á svæðinu eru það nálægt veginum að mögulegt er að truflun sé af hljóð- og loftmengun.

Þegar framkvæmdum á kaflanum lýkur verða samgöngur öruggari en nú og loftmengun mun minni en áður.

Áhrif á landslag

Landslagið á framkvæmdasvæðinu ber sterk einkenni af landbúnaði. Gengið verður þannig frá vegsvæði að vegur falli vel að landi. M.a. verður sáð í vegkanta þeim tegundum sem henta fyrir svæðið. Reiknað er með að vegkantar verði fljótir að gróa upp og því muni sýnanleiki framkvæmdarinnar í landslaginu hverfa með tímanum/fljótt.

Áhrif á gróðurfar og fugla

Ekki hefur verið kannað hvort sérstæðan gróður eða fugla er að finna í nágrenni framkvæmdasvæðisins. Vegfláar eru allsstaðar grónir og gróið land, ræktað land og afgirtir bithagar eru beggja vegna vegar á öllum útboðskaflanum. Land næst vegi er víða vaxið víðikjarri.

Þar sem vegurinn kemur til með að breikka um ca. 0,5 m má gera ráð fyrir að víðikjarr fast við vegbrún, skerðast. Þá getur framkvæmdin haft tímabundin áhrif á fugla meðan á framkvæmdum stendur. Reiknað er með að áhrifin á gróður og fuglalíf verði óveruleg.

Áhrif á menningarmínjar

Reiknað er með að framkvæmdin muni ekki hafa áhrif á fornleifar. Ef í ljós koma áður óþekktar fornleifar í vegstæðinu á framkvæmdatíma sbr. 13. gr. Þjóðminjalaga nr. 107/2000, mun Vegagerðin hafa samráð við Minjavörð Norðurlands eystri um aðgerðir.

6. LEYFISVEITENDUR OG SAMRÁÐSAÐILAR

Framkvæmdin er framkvæmdaleyfisskyld samkvæmt 27. gr. Skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og mun Vegagerðin sækja um leyfi til sveitastjórnar áður en framkvæmdir hefjast.

Framkvæmdir í árfarvegum og vötnum eru háðar leyfi Veiðimálastjóra.

Verktaki þarf að sækja um starfsleyfi til Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra samkvæmt reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir starfsemi sem getur haft í för með sé mengun.

Væntanlegur verktaki þarf að sækja um leyfi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra (skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun).

7. FRÁGANGUR

Í útboðsgögnum verður greint frá hvernig haga skuli frágangi vegkanta, fyllinga og skeringa. Reynt verður að haga framkvæmdum þannig að sem minnst rask verði á gróðri og jarðvegi.

Frágangi á vegskeringum verður hagað þannig að ekki myndist vindálag á lausan jarðveg. Þær verða sléttaðar vel og í samræmi við landslag og halla umhverfis. Aðlaga þarf brúnir vegskeringa að landinu í kring, svo þær verði ekki eins áberandi.

Við uppgræðslu verður farið eftir leiðbeiningum Vegagerðarinnar um gróðurhönnun á vegsvæðum í dreifbýli. Sáð verður í vegkanta og vegfláa á grónu landi, gróðurtegundum sem henta fyrir svæðið og skera sig ekki úr umhverfinu.

Þar sem skepnuheldum girðingum verður raskað verða þær lagfærðar í samráði við landeigendur. Vegtengingar verða aðlagaðar að nýrri hæð vegarins.

Lögð verður áhersla á að verktaki gæti þess vel að raska hvergi landi utan við vegsvæðið og verður m.a. allur akstur tækja bannaður utan vegsvæðis á verk tíma nema að námum.